

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2. október 2024:

Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að teknar verða saman upplýsingar um bílastæðahús og bílastæðakjallara í Reykjavík, hver þeirra eru rekið af borginni og hver eru einkarekin.

Einnig er lagt til að Bílastæðasjóður taki aftur upp að leggja sektarmiða undir rúðupurrku í stað þess að senda rukkun beint í heimabanka, sem fer framhjá mörgum en með þessu fyrirkomulagi eru miklar líkur á því að sektin hafi hækkað þegar fólk áttar sig á að hafa fengið hana.

Greinargerð:

Hér er um algeran frumskóg að ræða og er upplýsingaóreiða mikil. Það koma skýrt í ljós á Menningardag en þá taldi fólk vera frítt í stæði í Reykjavík. Í ljós kom að þeir sem ólánuðust við að leggja í “einkastæði” eins og Guðrúnartúni fengu háa reikninga eftir daginn. Reikningar koma þá samstundis einn á einkabanka viðkomandi. Þeir sem aka á P merktum bílum og leggja í P merkt stæði þurfa að greiða í þessi stæði (einkarekin) sem hlýtur að stríða gegn lögum.

Það vantar alla umgjörð um rekstur bílastæða og menn virðast fá að hafa sína hentisemi á sektargreiðslum. Borgin hætti að rukka P-korthafa, sem hafa rétt til þess að leggja án greiðslu í P-stæði og gjaldskyld almenn bílastæði skv. umferðarlögum og er staðfest af ráðherra (sjá: 2164/154 svar: gjaldheimta af handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða | Þingtíðindi | Alþingi (alþingi.is)), að því tilskyldu að þeir láti vita af sér fyrirfram (sem er líka gagnrýnivert fyrirkomulag), en einkaaðilar neita að láta af rukkunum. Það vantar stórlega yfirsýn yfir hvaða stæði og hús eru rekin af borginni og hver af einkaaðilum og þá hverjum. Þess utan er álagning sennilega frjáls og er hægt að okra eins og enginn sé morgundagurinn